

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Breytt deiliskipulag fyrir Ferjukot í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. maí 2021, breytt deiliskipulag fyrir Ferjukot í Ölfusi. Deiliskipulagið setur skilmála um byggingu ferðaþjónustuhúsa á landinu í samræmi við heimildir aðalskipulags. Um er að ræða heimild fyrir 6 litlum ferðaþjónustuhúsum og aðstöðuhúsi auk þeirra heimilda sem fyrir voru á upprunalandinu.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 1298/2021 í B-deild Stjórnartíðinda.

Þorlákshöfn, 26. nóvember 2021.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. desember 2021